

**14. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álfavers,
11. nóvember 2020, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, ~~Valgeir Scott~~,
Þorbergur Kjartansson, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: , .

1. Umsókn um lóð á Langeyri - 2011003

Tekin fyrir umsókn dags 5.11.2020 frá Karli G Kjartanssyni f.h. Akravík ehf þar sem sótt er um umsókn um byggingarleyfi fyrir 112 m² iðnaðar- og geymsluhúsnæði á Langeyri á svæði merkt I-5 á deiliskipulagi.

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir sex hjöllum á svæðinu, byggingarreitir eru hver um sig 40 ferm. Á einum byggingarreit er nú mastur og masturshús.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að gerð verði deiliskipulagsbreyting á Langeyri með það að markmiði að koma fyrir fleiri húsum af mismunandi stærðum.

Samþykkt

2. Umsókn um atvinnuhúsnæði - 2010016

Lögð fram umsókn frá Sætt og Salt ehf. dags. 29.10.2020 þar sem sótt er um húsnæði undir rekstur fyrirtækisins í Grundarstræti 3.

Nefndin vísar erindinu til stjórnar Grundarstrætis ehf. sem fer með málefni hússins.

Samþykkt

3. Eiði í Seyðisfirði - 2006007

Lögð fram umsókn ódagsett þar sem sótt er um leyfi fyrir smáhýsi á landi jarðarinnar Eiði í Súðavíkurbreppi. Með umsókn fylgja drög af teikningum af smáhýsi ásamt afstöðumynd.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir að veitt verði leyfi fyrir ofangreint smáhýsi. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá byggingarleyfi þegar undirrituð gögn hafa borist.

Byggingarleyfisgjald kr. 64.000,-

Samþykkt

4. Kæra HG vegna deiliskipulags á Langeyri - 2010008

Lagt fram andsvar Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. dags. 29. október 2020 við andmælum Súðavíkurbrepps vegna kæru Hraðfrystihússins vegna deiliskipulags hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Samþykkt



5. Garðstaðir, formleg kvörtun - 2011002

Lögð fram skýrsla frá Umhverfisstofnun dags. 9. október 2020 er varðar vettvangsheimsókn Umhverfisstofnunar að Garðstöðum sem fram fór 26. júní 2020.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að Aðalskipulag Súðavíkur 2018-2030 gerir ráð fyrir iðnaðarsvæði á Garðstöðum. Landeiganda bent á að sækja um starfsleyfi fyrir bílapartasölu hjá heilbrigðisnefnd.

Nefndin telur ótækt að fram fari sorpbrennsla á Garðstöðum og tekur undir með Umhverfisstofun að brennsla sorps sé með öllu óheimil.

Nefndin skorar á fyrirtæki á svæðinu að stuðla ekki að slíkri ólöglegri sorpförgun.

Samþykkt

6. Kynning á kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur - 2010007

Lagr fram bréf frá Óbyggðanefnd dags. 12. október 2020 er varðar þjóðlendumál í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B. Kynning á kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

7. Girðingar á vegum opinberra aðila - 2011004

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd


Byggingarfulltrúa falið að teikna upp fjárgirðingu og svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.


Samþykkt


Fundi slitið kl. . 18:30



Anna Lind Ragnarsdóttir


Hulda Gunnarsdóttir


Samúel Kristjánsson


Valgeir Scott


Þorbergur Kjartansson


John B. Kj